

Nd.

719. Nefndarálit

[209. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Rekstur kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn hefur því miður gengið mun verr en vonir stóðu til. Kostnaður við fyrsta áfanga hefur farið um 100% fram úr áætlun af völdum gengislækkana, breytinga á upphaflegum áætlunum og rekstrarhalla. Vélbúnaður verksmiðjunnar hefur reynzt mun verr en til var ætlað, og er enn óvíst, hvernig úr því verði bætt. Miklu máli skiptir, að menn geri sér sem gleggsta grein fyrir mistökum þeim, sem valdið hafa þessum stórfelldu erfiðleikum, svo að slíkir atburðir endurtaki sig ekki.

Hönnun verksmiðjunnar var falin kanadísku fyrirtæki, Kaiser. Þær framkvæmdir hafa ekki orðið í samræmi við áætlanir. Tæki verksmiðjunnar hafa reynzt mun afkastaminni en til var ætlað; þannig varð framleiðslan á síðasta ári aðeins 2500 tonn, en átti að verða 6000 tonn, og einnig í ár er húizt við, að framleiðslan verði um 1000 tonnum undir upphaflegum áætlunum. Orðið hefur að kaupa dýran viðbótar-útbúnað til þess að reyna að ráða bót á göllum. Kostnaður af þessum mistökum nemur tugum milljóna króna. Engin skýr svör hafa fengizt um það, hverjir beri ábyrgðina á þessum alvarlegu veilum. Leggur minni hluti iðnaðarnefndar þunga áherzlu á nauðsyn þess, að það mál allt verði rannsakað til fullkominnar hlítar og gengið úr skugga um það, hvort Kísiliðjan h.f. eigi rétt á skaðabótum frá Kaiser.

Erlendir verktakar önnuðust mestmegnis framkvæmdir við fyrsta áfanga verksmiðjunnar og fengu m. a. ýmis verkefni, sem íslenzkir verktakar töldu sig geta leyst af hendi. Var þessi ráðabreytni rökstudd með því, að hinir erlendu aðilar mundu skila fullkomnara verki. Reynslan hefur ekki staðfest þá kenningu; m. a. hefur einn kunnasti forustumaður í járníðnaði á Íslandi, Sveinn Guðmundsson forstjóri Héðins, lýst yfir því, að hann telji þurrkara þá, sem framleiddir voru vestanhafs handa fyrirtækinu, úrelta að gerð. Einsætt virðist, að í sambandi við stækkun verksmiðjunnar verði tekin upp sú stefna að bjóða út verkefni og taka íslenzkum tilboðum, ef þau eru sambærileg að verði og gæðum; flytjum við á sérstöku þingskjali tillögu um, að ákvæði þess efnis verði tekið upp í frumvarpið. Er þar raunar um að ræða reglu, sem ætti að vera algild í öllum framkvæmdum hérlendis.

Tillagan um stækkun er studd þeim rökum, að varanlegur hallarekstur sé óhjákvæmilegur, ef framleiðslugeta verksmiðjunnar helst óbreytt, en hún eigi að geta skilað viðunanlegum arði, ef afköstin tvöfaldast. Vonandi duga hinar nýju áætlanir betur en þær, sem upphaflega voru gerðar, og munum við ekki leggja gegn því, að á það reyni.

Alþingi, 10. maí 1969.

Magnús Kjartansson,
frsm.

Þórarinn Þórarinnsson.